

sýni, kr. 8.250,63 með 45% ársvöxtum frá 1.6. 1983 til 21.9. s.á., en með 37% ársvöxtum frá þ.d. til 21.10. s.á., en með 34% ársvöxtum frá þ.d. til 21.11. s.á., en með 30% ársvöxtum frá þ.d. til 21.12. s.á., en með 23% ársvöxtum frá þ.d. til 21.1. 1984, en með 17% ársvöxtum frá þ.d. til greiðsludags, og kr. 11.554,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Stefnandi á sjóveðrétt í b.v. Aðalvík KE-95, til tryggingar til-dæmdum fjárhæðum.

---

Mánudaginn 2. desember 1985.

Nr. 125/1985. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)  
gegn

**Kristjáni Rafni Guðmundssyni**

(Haraldur Blöndal hrl.)

Brot í opinberu starfi. Áfengislög. Tolllög.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Máli þessu var að ósk ákærða skotið til Hæstaréttar með stefnu 5. febrúar 1985 og jafnframt af hálfu ákærvalds til þyngingar. Ágrip dómssgerða barst Hæstarétti 9. ágúst 1985.

Svo sem greinir í héraðsdómi, hefur ákærði gerst sekur um það atferli, sem honum er gefið að sök. Ákærði rauf tollinnsigli með ólögmaetum hætti, og varðar það við 65. gr. laga nr. 59/1969, er tæmir sök að þessu leyti, þannig að 1. mgr. 113. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 verður eigi beitt jafnframt. Með viðtöku sinni á áfenginu og flutningi þess í land hefur ákærði brotið gegn 1. mgr. 60. gr. sbr. 61. gr. tolllaga, 3. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969 og 1. mgr. 1. gr., sbr. 15. gr. laga nr. 63/1969. Hins vegar

hefur 3. mgr. 4. gr. áfengislaga, sem vitnað er til í ákæru, verið felld úr gildi með 1. gr. laga nr. 7/1985. Ákærði framdi brot sín með misnotkun á stöðu sinni sem opinber starfsmaður, og ber því að meta refsingu með hliðsjón af 138. gr.

Með þessum athugasemdum ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Dæma ber ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, svo sem segir í dómsorði.

#### D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Kristján Rafn Guðmundsson, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 12.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Haralds Blöndal hæstaréttarlögmanns, 12.000,00 krónur.

#### Dómur sakadóms Ísafjarðar 26. september 1984.

Ár 1984, miðvikudaginn 26. september, er í sakadómi Ísafjarðar, sem haldinn er í dómsal bæjarfógetaembættisins í Keflavík, Vatnsnesvegi 33, Keflavík, af Guðmundi Kristjánssyni setudómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu: Ákærvaldið gegn Kristjáni Rafni Guðmundssyni.

Mál þetta, sem þingfest var 7. mars sl. og dómtekið 5. þ.m., hefur ríkissaksóknari höfðað með ákæru, dags. 1. febrúar sl., á hendur „Kristjáni Rafni Guðmundssyni fyrrverandi lögregluvarðstjóra, Kjarrholti 7, Ísafirði, fyrir hegningarlaga- og tolllagabrot og brot í opinberu starfi.

Ákærða er gefið að sök að hafa, fimmtudaginn 1. september 1983, í starfi sem lögregluvarðstjóri en í frítíma utan vaktar, rofið tollinnsigli á innsiglisgeymslu um borð í flutningaskipinu Ísbergi, er skipið lá við bryggju á Ísafirði, og undan því innsigli, sem sett hafði verið upp af tolfteirlitsmanni við tollafgreiðslu skipsins á Skagaströnd þann 28. ágúst, tekið, með leyfi skipstjóra, 2 flöskur af áfengi og 48 flöskur af áfengum bjór, sem ákærði síðan, í fylgd tveggja starfsfélaga, þeirra Einars Karls Kristjánssonar og Halldórs Jónssonar, lögreglumanna, sem einnig í frítíma sínum höfðu dvalið um borð í skipinu með ákærða, hafði á brott með sér úr skipinu heim til Einars Karls, þar sem þeir, ásamt fleirum, neyttu áfengisins. Í því skyni að leyna brotinu sótti ákærði á lögreglustöð innsiglisáhöld tollgæslu og innsiglaði geymsluherbergið að nýju með þeim tollvarningi er þá var þar eftir.

Brot ákærða telst varða við 1. mgr. 113. gr. almennra hegningarlaga nr.

19, 1940, og 60. gr., sbr. 61. gr. og 1. mgr. 65. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit nr. 59, 1969, 3. gr. og 3. mgr. 4. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82, 1969, og 1. mgr. 1. gr. laga um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf nr. 63, 1969, sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Verjandi ákærða gerir þær kröfur, að hann verði einungis dæmdur fyrir brot á 60., sbr. 61. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit nr. 59/1969, 3. gr., sbr. 2. tl. 33. gr. áfengislaga nr. 83/1969 og 1. mgr. 1. gr. laga nr. 63/1969. Verði honum aðeins gert að sæta lágmarksrefsingu með tilliti til 5. og 8. tl. 70. gr. alm. hgl. (lögjöfnun).

Málavextir eru þeir, að í septemberbyrjun 1983 kom upp grunur um, að fimmtudaginn 1. sama mánaðar hefði verið rofið innsigli á hirslu um borð í m.s. Ísbergi og þaðan tekið út áfengi, en skipið lá þá við bryggju á Ísafirði.

Rannsókn málsins hófst þá þegar, og verður nú rakið það helsta úr henni og sem máli telst skipta.

Í skýrslu rannsóknarlögreglunnar í Hafnarfirði föstudaginn 2. september s.á. segir Jón Steinar Árnason, skipstjóri á nefndu skipi, að hann kannist við atvik þetta. Hann kveður umrædda hirslu hafa verið innsiglaða á Skagaströnd, en þangað hafi skipið komið frá Grimsby sunnudaginn næstan á undan. Þaðan hafi síðan verið siglt til Ísafjarðar með viðkomu á Hól mavík og þangað komið fimmtudaginn 1. september um kl. 14:20. Um borð hafi komið nokkrir menn, eins og gengur, og hann boðið þeim upp á bjór í káetu sinni, en sjálfur hafi hann ekki verið þar nema af og til. Meðal þeirra, sem þarna komu, hafi verið tollvörður, sem Jón taldi, að væri einnig lögregluþjónn. Héti hann annaðhvort Kristján eða Kristjón. Þessi tollvörður hafi haldið frá borði, sótt tolláhöld og síðan farið í innsiglaða hirslu á neðra gangi. Tók hann þaðan 2 kassa af bjór og 2 flöskur af áfengi.

Tollvörðurinn hafi boðist til að gera þetta, er líða tók á daginn og farið var að ganga á bjórbirgðir skipstjórans, en sá síðarnefndi hafi síðan gefið varning þennan í samkvæmi, sem nokkrir lögreglumenn og þ.á m. tollvörðurinn ætluðu að halda um kvöldið.

Í framhaldi af skýrslugjöf þessari framkvæmdu lögreglumenn og tollvörður talningu á tollvarningi í innsigluðum hirslum skipsins, sem þá lá í Hafnarfjarðarhöfn. Voru tvær geymslur um borð innsiglaðar af yfirvöldum. Önnur var skápur á gangi á þilfarshæð skipsins, en hin í káetu skipstjórans. Er talningin var síðan borin saman við innsigliðskrá tollgæslunnar á Skagaströnd, kom í ljós, að tvær flöskur af sterku víni, 48 flöskur af bjór og 600 vindlinga vantaði. Við talninguna var innsigli á káetuskápnunum

með númeri tollgæslunnar á Skagaströnd, en ekkert númer var á innsigli hins skápsins.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa farið í innsiglaða hirslu á nefndu skipi og tekið þaðan tvo kassa af bjór og tvær flöskur af Smirnoff vodka. Í dómskýrslu 12. september 1983 segir ákærði, að hann hafi kynnst Jóni Steinari skipstjóra í starfi sínu sem tollvörður. Hann kveðst hafa farið um borð í skipið um kl. 15:00 fimmtudaginn 1. september ásamt Einari Karli Kristjánssyni lögreglumanni. Dvöldu þeir þarna í um klukkustund og drakk ákærði þá eina til tvær dósir af bjór. Síðar um daginn hittu þeir Halldór Jónsson lögreglumann, og héldu þeir allir um borð í skipið og beint upp í káetu skipstjórans. Var hann þar fyrir og fleira fólk. Um kl. 19:00 sagðist ákærði hafa farið frá borði og upp á lögreglustöð og náð í tollvarðartöskuna. Hafi bjórinn verið svo til þrotinn og hann þá nefnt við skipstjóran, hvort ekki vantaði meira. Hafi orðið að samkomulagi með þeim, að ákærði ryfi innsigli á annarri hirslunni og tæki þaðan áðurgreindan varning. Er hann ætlaði að innsigla geymsluna aftur, uppgötvaði hann, að innsiglistöngina vantaði í töskuna. Náði hann í hana upp á lögreglustöð, en hélt síðan aftur um borð og innsiglaði geymsluna. Varningurinn var síðan borinn út í bifreið Halldórs og honum ekið að heimili Einars Karls að Stórholti 31. Var haldið samkvæmi þar um nóttina og þá m.a. neytt hluta varningsins. Í því tóku þátt ákærði, nefndir Einar Karl og Halldór og fleiri.

Ákærði kvað Braga Beinteinsson yfirlögreluþjón hafa komið í skipstjórakáetuna og spurt um innsiglistöngina og tolltöskuna. Sagðist ákærði þá hafa gert sér grein fyrir, hvað klukkan sló, þar sem hann hafði áður séð til Hrafns Guðmundssonar lögreglumanns og tollvarðar á hafnarbakknum og vitað sem var, að hann hefði klagt sig fyrir Braga.

Í yfirheyrslu þessari kom fram, að nefndur Hrafn var á vakt sem tollvörður umræddan dag.

Í réttarhaldi 11. sept. 1983 sagðist áðurnefndur Einar Karl Kristjánsson hafa neytt bjórs í skipstjórakáetunni. Hann kvaðst hafa séð ákærða, er hann kom með tolltöskuna og einnig þegar hann hélt út úr káetunni. Þegar ákærði og skipstjórinn komu til baka, hafi hann komist að því, hvert þeir höfðu farið og til hvers, þar sem ákærði hafði þá sagt honum, að innsiglistöngin hefði ekki verið í töskunni.

Í réttarhaldi 28. okt. sl. sagði Einar Karl ítrekað, að hann hefði ekki vitað til, að neitt ólöglegt hefði verið aðhafst, fyrr en þeir félagarnir voru komnir á heimili hans.

Fyrirnefndur Halldór Jónsson kvaðst hafa hitt ákærða og Einar Karl nálægt kl. 17:00 umræddan dag. Hafi þeir nefnt, að þeir væru að fara um borð í m.s. Ísberg. Slóst hann í för með þeim, og héldu þeir upp í káetu skipstjórans. Þar þáðu þeir bjór að drekka. Um kl. 18:30 hafi ákærði

beðið hann um að aka sér upp á lögreglustöð, en ekki minntist Halldór þess, hvort ákærði nefndi, hvaða erindi hann ætti þangað. Beið Halldór í bifreiðinni, meðan ákærði fór inn á stöðina. Hafi hann komið aftur að vörmu spori með tolltöskuna og þeir ekið síðan beina leið aftur niður í skip. Ekki hafi ákærði sagt honum, í hvaða tilgangi hann sótti töskuna, og ekki kvaðst Halldór hafa spurt hann að því. Hann kvaðst þó hafa vitað, að ákærði hefði haft í hyggju að rækja einhver tollstörf um borð. Eftir að komið var um borð aftur, fóru þeir upp í káetu skipstjórans og dvöldu þar til um kl. 19:45, að þeir héldu heim til Einars Karls.

Halldór kvaðst hafa haldið alveg kyrru fyrir í káetunni þennan tíma, en ákærði hafi farið fram á gang, þegar Bragi Beinteinsson kom. Ekki þorði hann að segja til um, hvort ákærði hefði verið búinn að fara fram eitthvað áður, en bætti því síðan við, að verið gæti, að ákærði hefði komið nokkrum mínútum á eftir sér upp í káetuna. Hann mundi ekki, hvort þeir ákærði skiptust á orðum þarna í káetunni. Hann kvaðst ekki hafa vitað, hvaða erindi Bragi átti við ákærða, en ákærði hefði sagt honum, er hann kom inn í káetuna aftur, að Bragi hefði komið til að sækja töskuna.

Halldór kvað sér ekki hafa komið neitt í hug, hvaða tollstörf ákærði var að rækja um borð í skipinu, þegar hann (Halldór) bar áfengi inn á heimili Einars Karls úr eigin bifreið. Kvað hann það vanalegt, að tollverðir bæru áfengi og bjór í land úr skipum, og kvaðst hann fyrst hafa séð áfengið í bifreið sinni fyrir utan hús Einars Karls.

Vitnið Óskar Sigurðsson lögreglumaður, f. 2.2. 1948, stýrði kvöldvaktinni umræddan dag. Tók það við vaktinni kl. 19:00 af Hrafni Guðmundssyni. Kvað það Hrafn hafa beðið sig um að láta hann vita, ef tolltaskan yrði tekin. Örstuttu eftir að Hrafn var farinn, hafi ákærði komið og sagt „mikið var“. Hann hafi síðan tekið tolltöskuna og farið. Vitnið kvaðst ekki hafa gert Hrafni viðvart um komu ákærða. Það kvaðst ekki hafa tekið eftir því, að ákærði kæmi aftur á lögreglustöðina þetta sama kvöld, en það gæti eins verið, án þess að það yrði þess vart.

Vitnið kvað nefndan Hrafn hafa komið aftur um kl. 19:30 og hafi hann strax athugað, hvort tolltaskan væri á sínum stað. Síðan hafi hann spurt vitnið, hvort það vissi eitthvað um Braga Beinteinsson yfirlöggregluþjón. Hefði það svarað því og hafi Hrafn síðan gengið út. Skömmu seinna hefði Bragi komið á stöðina og borið undir vitnið, hvað hann ætti að taka til bragðs, þar sem hann vissi, að ákærði hefði farið niður í m.s. Ísberg til að leysa undan innsigli.

Vitnið Hrafn Guðmundsson lögreglumaður, f. 28.5. 1946, sagðist hafa verið á vakt umræddan dag frá kl. 7:00. Ákærði hafi hins vegar farið af aukavakt um kl. 10:00. Hann hafi síðan verið að koma á lögreglustöðina af og til allan daginn, og fannst vitninu eins og hann sæti um að komast

í skápinn, þar sem tolltaskan væri geymd, en án þess að það yrði þess vart. Kvaðst vitnið af fyrri reynslu hafa verið á varðbergi gagnvart þessu, af því að það hefði vitað, að þetta var ekki fyrsta höfn m.s. Ísbergs frá útlöndum. Vitnið lauk síðan vakt sinni en kom aftur á stöðina og uppgötvaði um kl. 19:30, að hvorki tolltaskan né innsiglistöngin voru á sínum stað. Vitnið sagði og, að eftir vaktarlok sín og þar til það kom aftur á stöðina hafi það ekið niður á höfn og séð ákærða á vappi í kringum títtnefnt skip, en síðan fara upp í bifreiðina Í-777 og aka í burtu. Það hafi skömmu síðar séð ákærða koma aftur að skipinu og fara um borð.

Vitnið Bragi Beinteinsson yfirlögregluþjónn lýsti atvikum á þá leið, að eftir kl. 19:00 umræddan dag hafi Hrafn lögreglumaður komið til sín og sagt vitninu, að ákærði hefði farið á lögreglustöðina, tekið tolltöskuna og haldið niður í m.s. Ísberg. Var þetta eftir að Hrafn lauk vakt sinni kl. 19:00. Hafi strax hvarflað að vitninu, að eitthvað væri þarna öðruvísi en ætti að vera. Hafi m.s. Ísberg komið fyrr um daginn að bryggju og hafi á þeim tíma, sem liðinn var, ekki verið leitað eftir þjónustu tollvarðar. Vitnið kvaðst síðan strax hafa farið á lögreglustöðina og sannreynt, að taskan var þar ekki, og þá ákveðið að fara um borð í skipið til að kanna, hvað ákærði væri þar að gera. Hafi það hitt hann ásamt Halldóri og Einari Karli inni í káetu skipstjórans. Bað það ákærða að koma fram fyrir til viðræðna og innti hann eftir því, hvað um væri að vera. Hafi ákærði svarað því til, að þetta væri „bara fylliri“. Vitnið kvaðst hafa veitt því athygli, að ákærði var með innsiglistöngina í vasanum, og spurt, hvað hann væri að gera með hana. Sagði ákærði, að töngin hefði ekki verið notuð neitt og afhenti vitninu hana. Það hefði síðan beðið ákærða að sýna sér þá staði, sem innsiglaðir væru, og hafi ákærði farið með því niður á neðri gang að innsiglaðri hirslu. Hafi hann sagt, að þarna ætti að vera innsigli nr. 61, en við athugun vitnisins kom í ljós, að það var ónúmerað. Spurði það ákærða, hvers vegna svo væri og hafi hann þá svarað því til, að hann vissi ekkert um það. Hafi hann aðspurður sagt, að einvörðungu bjór væri undir innsigli þessu. Vitnið kvað ákærða hafa sagt aðra hirslu inni í káetu skipstjórans vera innsiglaða, en ekki kvaðst það hafa skoðað innsiglið að þessari hirslu, þar sem til þess hefði þurft að rýma káetuna, en vitnið var óeinkennisklætt.

Með játningu ákærða er upplýst, að hann rauf tollinnsigli hirslu í m.s. Ísbergi 1. sept. 1983 og tók undan því 2 flöskur af vodga og 2 kassa (48 fl.) af bjór. Innsiglaði hann hirsluna á ný með innsiglisáhöldum tollgæslunnar á Ísafirði, sem hann hafði aðgang að, en varningurinn var síðar fluttur í húsið Stórholt 31, Ísafirði, og þar neytti ákærði áfengisins auk annarra. Er þessi hegðun ákærða að nokkru studd framburðum Einars Karls Kristjánssonar og Halldórs Jónssonar, þáverandi lögreglumanna, og

Jóns Steinars Árnasonar skipstjóra á nefndu skipi, en framburðir þessara manna um atferli ákærða verða að teljast marktækir, þótt fallast megi á það með verjanda ákærða, að ótækt var að yfirheyra þá sem vitni eins og gert var í upphafi málsrannsóknarinnar. Ennfremur styður skýrsla lög-gæslumanna um talningu í umgetinni hirslu daginn eftir þessa játningu ákærða. Vætti annarra vitna mælir heldur ekki gegn henni.

Af því, sem hér hefur verið rakið, er fullsannað, að ákærði hefur með framanlýstri háttsemi sinni brotið gegn lagaákvæðum þeim, er greinir í ákæru, og unnið til refsingar samkv. þeim.

Ákærði hefur ekki sætt neinum þeim refsingum, sem hér skipta máli.

Ákærði var lögregluvarðstjóri í lögregluliði Ísafjarðar, er framanskráðir atburðir urðu. Var honum vikið úr starfi um stundarsakir vegna þeirra hinn 21. okt. 1983 og síðan að fullu og öllu. Með hliðsjón af þessu og með tilvísun til 77. gr. alm. hgl. þykir refsing hans hæfilega ákveðin 2 mánaða varðhald.

Ákærði skal greiða allan kostnað sakarinnar, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Ólafs Þórðarsonar hdl., kr. 6.000,00.

Þess skal getið hér, að ríkissaksóknari samþykkti, að „hlutdeild“ titt-nefndra Halldórs og Einars Karls yrði lokið með áminningum á hendur þeim fyrir brot gegn 1. mgr. 60. gr., sbr. 61. gr. og 2. mgr. 62. gr. tollalaga, sbr. 138. gr. alm. hgl. Tóku þeir áminningunni 23. maí sl.

Dómari máls þessa fékk það til meðferðar sem setudómari með bréfi dómsmálaráðuneytisins 17. febr. sl., en áður hafði hinn reglulegi dómari, Pétur Kr. Hafstein bæjarfógeti, vikið sæti með úrskurði.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Kristján Rafn Guðmundsson, sæti varðhaldi í tvo mánuði.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Ólafs Þórðarsonar hdl., kr. 6.000.